

Grunnskóli Raufarhafnar

Starfsáætlun



Skólaárið 2022-2023

Virðing - Gleði - Ábyrgð - Sveigjanleiki

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	4
Stjórnskipulag skólans	4
Starfsfólk skólans.....	4
Skólastjóri.....	4
Móttaka nýrra starfsmanna.....	5
Starfsmannastefna	5
Viðtalstímar kennara og starfsfólks.....	5
Fundaáætlun starfsmanna	5
Skóladagatal	6
Vettvangsferðir.....	7
Árshátíð	7
Starfsáætlun nemenda	7
Fjöldi nemenda.....	7
Dagvistun.....	8
Tilhögun kennslu	8
Samstarf við Öxarfjarðarskóla	8
Viðmiðunarstundaskrá	8
Kennsluáætlanir	9
Stundaskrár	10
Nemendafélag	11
Skólaferðalög.....	11
Skipulag þjónustu við nemendur með annað móðurmál en íslensku.....	11
Móttaka nýrra nemenda	11
Val nemenda á unglingastigi.....	11
Lærissneið.....	11
Tölvuleikjahönnun - Unity.....	12
Dungeons and dragons	12
Einstaklingsbundið íþróttaval	12
Kvikmyndagerð.....	12
Þýska.....	12
Franska.....	13
Teiknimyndasögugerð.....	13
Eðlis-og efnafræði.....	13
Leiklist	13
Rafíþróttir.....	13

Kökugerð.....	13
Námsgögn	13
Mötuneyti.....	14
Forföll og leyfi nemenda.....	14
Lyfjagjafir.....	14
Lengri leyfi.....	14
Skólareglur	14
Viðurlög vegna brota á skólareglum.....	15
Samskipti heimilis og skóla.....	15
Skólaráð.....	16
Foreldrafélagið Velvakandi.....	16
Stoðþjónusta	17
Keldan.....	18
Starfsfólk Keldunnar	18
Barnavernd.....	18
Nemendaverndarráð.....	18
Skólaheilsugæsla	18
Samstarf við nærsamfélag.....	19
Starfspróun.....	19
Öryggi og varnir.....	19
Rýmingaráætlun	20
Viðbrögð við vá.....	20
Eineltisáætlun/eineltisteymi.....	20
Mat á skólastarfi.....	20
Framkvæmd:	21

Hagnýtar upplýsingar

Grunnskóli Raufarhafnar

Skólabraut, 675 Raufarhöfn

Sími: 464 9870

Netfang: hrund@raufarhafnarskoli.is

Heimasíða: <http://grunnskoli.raufarhofn.is/is/forsida>

Skólastjóri: Hrund Ásgeirsdóttir

Viðtalstími skólastjóra: Eftir samkomulagi

Viðvera skólastjóra á Raufarhöfn: Fimmtudagar (með fyrirvara um færð og veður)

Opnunartími skólans: 07.55 til 16:00

Stjórnskipulag skólans

Grunnskóli Raufarhafnar er samrekinn leik- og grunnskóli með eina starfsstöð. Skólastjóri fer með yfirstjórn skólans í umboði sveitarstjórnar Norðurþings.

Fjöldi stöðugilda í stjórnun **0,3**

- Skólastjóri

Fjöldi stöðugilda í kennslu **1,0**

- Umsjónarkennari 1,0

Fjöldi stöðugilda í dagvistun **1,8**

Fjöldi stöðugilda annars starfsfólks **0,8**

- Matráður – blandað starf (ræsting, gæsla, stuðningur) 0,8

Fjöldi stöðugilda samtals

Samtals: 3,9

Starfsfólk skólans

- Hrund Ásgeirsdóttir, skólastjóri, hrund@raufarhafnarskoli.is
- Kolbrún Valbergdóttir umsjónarkennari og staðgengill skólastjóra kolbrun@raufarhafnarskoli.is
- Olga Friðriksdóttir umsjónarkennari í ársleyfi
- Anna Romanska deildarstjóri í dagvistun, aniaro78@gmail.com
- Sigrún Hrönn Harðardóttir starfsmaður í dagvistun hronnhardar@gmail.com
- Kristjana Diljá Wüum, matráður, gæsla, ræstitæknir, stuðningur kristjana@raufarhafnarskoli.is

Skólastjóri

Í vetur mun sami skólastjóri áfram stýra Grunnskóla Raufarhafnar og Öxarfjarðarskóla. Um er að ræða tilraunaverkefni til tveggja ára og er síðara árið hafið. Skólastjóri hefur viðveru á Raufarhöfn einu sinni í viku – alla jafna á fimmtudögum- en er einnig í samskiptum við kennara og nemendur þá daga sem þau koma í Öxarfjarðarskóla.

Samkvæmt lögum er skólastjóri forstöðumaður stofnunarinnar og ber ábyrgð á rekstri hennar í umboði sveitarstjórnar. Í 7. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 er starfslýsing skólastjóra á þennan veg:

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum og veitir faglega forystu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem ástæða þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafundar svo oft sem þurfa þykir. Skólastjóri gerir tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Skólastjóri ákveður verksvið annarra stjórnenda skólans og skal einn þeirra vera staðgengill skólastjóra.

Móttaka nýrra starfsmanna

Skólastjóri er ábyrgur fyrir því að nýjum starfsmanni sé veitt viðeigandi fræðsla samkvæmt móttökuáætlun. Tilgangurinn með móttökuáætlun er að kynna fyrir nýjum starfsmönnum mikilvæg atriði í skólastarfinu og auðvelda þeim að aðlagast nýjum vinnustað. Á hverju hausti skal halda kynningu fyrir nýja starfsmenn.

Tilgangurinn með móttökuáætlun er að kynna fyrir nýjum starfsmönnum mikilvæg atriði í skólastarfinu og auðvelda þeim að aðlagast nýjum vinnustað. Á hverju hausti skal halda kynningu fyrir nýja starfsmenn sem skólastjóri er ábyrgur fyrir. Móttökuáætlun má sjá hér: <http://grunnskoli.raufarhofn.is/is/skolinn/starfsfolk/mottaka-nyrra-starfsmanna>

Starfsmannastefna

Lykill að velgengni skólastarfs er samhentur og öflugur mannaúður. Markmiðið starfsmannastefnunnar er að skólinn hafi alltaf á að skipa hæfum og áhugasömum starfsmönnum sem sýna frumkvæði og veita góða þjónustu. Starfsfólk skólans er hópur fagmenntaðra og ófaglærðra starfsmanna sem vinnur í sameiningu að því að byggja upp skólastarf sem einkennist af vilja og virðingu, með hag nemenda að leiðarljósi. Hvatt er til þess að starfsfólk skólans axli ábyrgð, læri nýja hluti, komi með nýjar hugmyndir og sýni það besta sem í því býr. Skólastjóri ber ábyrgð á starfsmönnum skólans en allir starfsmenn bera ábyrgð á skólastarfinu jafnt undirbúningi, framkvæmd og mati. Mikilvægt er að hver og einn leggi sitt af mörkum til að móta jákvæðan og góðan starfsanda til þess að skapa sterka liðsheild.

Viðtalstímar kennara og starfsfólks

Viðtalstímar eru eftir samkomulagi foreldra, umsjónarkennara og skólastjóra.

Fundaáætlun starfsmanna

Starfsmanna-/kennarafundir eru haldnir eftir þörfum og viðveru skólastjóra en stefnt að einum starfsmannafundi í mánuði, á síðasta fimmtudegi hvers mánaðar.

Skóladagatal

Skóladagatalið fyrir þetta skólaár er hægt að nálgast á heimasíðu skólans

http://grunnskoli.raufarhofn.is/static/files/2022-2023/skoladagatal-gr-2022-2023_loka.pdf

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla: **Grunnskóli Raufarhafnar**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F
2 Þ	2 S	2 M	2 F	2 F	2 M	2 F	2 F	2 S	2 Þ	2 F
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 F	3 M	3 M	3 L
4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S
5 F	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 F	5 F	5 M
6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 M	6 M	6 F	6 L	6 Þ
7 S	7 M	7 F	7 M	7 M	7 L	7 Þ	7 Þ	7 F	7 S	7 M
8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 Þ	8 F
9 Þ	9 M	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S	9 Þ	9 F
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 F	10 M	10 M	10 L
11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 L	11 L	11 Þ	11 F	11 S
12 F	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M
13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 F
14 S	14 M	14 F	14 M	14 M	14 L	14 Þ	14 Þ	14 F	14 S	14 M
15 M	15 L	15 Þ	15 F	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 F
16 Þ	16 M	16 F	16 M	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 F
17 M	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 L	17 Þ	17 M	17 F
18 F	18 M	18 S	18 Þ	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 F
19 F	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S	19 S	19 M	19 F	19 M
20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 F
21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 Þ	21 Þ	21 F	21 S	21 M
22 M	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 M	22 F
23 Þ	23 M	23 F	23 M	23 F	23 S	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 F
24 M	24 L	24 Þ	24 F	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 F
25 F	25 M	25 S	25 Þ	25 F	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 M	25 S
26 F	26 M	26 L	26 M	26 F	26 M	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M
27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 F
28 M	28 L	28 Þ	28 F	28 M	28 F	28 M	28 M	28 L	28 Þ	28 F
29 M	29 F	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F	29 M
30 Þ	30 M	30 S	30 Þ	30 F	30 M	30 L	30 L	30 Þ	30 M	30 F
31 M	31 L	31 Þ	31 F	31 M	31 L	31 Þ	31 Þ	31 F	31 M	31 L

Samkvæmt kjarasamngi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skóladaðar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagur kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólafjöra í samráði við kennara og með hlöðsón af kjarasamningum.

Undirbúningsdagur kennara eru 16.-25. ágúst

- **Skólasetning 25.ágúst**
- **Dagur íslenskrar náttúru** er tvöfaldur dagur, þ.e. farið verður í vettvangsferð þann 19.september með Öxarfjarðarskóla og dagurinn verður lengri en hefðbundinn skóladagur
- Skipulagsdagur á starfstíma skóla eru 5; 25.ágúst, 30.september, 2.janúar, 30.janúar og 31.maí en þann dag eru skólaslit
- **Foreldrasamtöl** fara fram eftir hefðbundinn kennsludag. Á haustönn eru foreldrasamtöl 3.október en 31.janúar á vorönn. Tvöfaldir dagar
- **Skólaferðalag í nóvember.** Þetta skólaár fara nemendur 1.-7.bekkja Öxarfjarðarskóla og Grunnskólans á Raufarhöfn, saman í skólaferðalag. Tvöfaldur dagur
- **Haustfrí skólans** er 24.- 25.október - 4 samfelldir dagar með helgi
- **Árshátíð** verður 4.nóvember (25.nóv)og er sameiginleg með Öxarfjarðarskóla, haldin í félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn. Tvöfaldur dagur.
- **Baráttudagur gegn einelti** er þann 8.nóvember
- **Dagur íslenskrar tungu** er 16.nóvember og er samtvinnaður 1.des hátíð. Þann dag hefst undirbúningur Stóru upplestrarkeppninnar. Tvöfaldur dagur
- Fullveldisdagur Íslands, 1. desember.
- **Litlu jólin** verða haldin 20.desember í Öxarfjarðarskóla. Tvöfaldur dagur
- **Jólafrí** hefst 21.desember og stendur til 3.janúar, alls 13 dagar
- Starfsdaginn 2. janúar 2023, verður m.a. undirbúningur vorannar.
- **Páskaleyfi** hefst 1.apríl og lýkur 10.apríl, alls 10 dagar
- **Skólaslit** verða 31. maí.
- **Undirbúnings-og frágangsdagur** kennara 31.maí – 1.júní

Vettvangsferðir

Dagur náttúrunnar, 16.september, er tvöfaldur á skóladagatali en haldinn 19.september. Farið verður í vettvangsferð um Melrakkasléttu til að skoða fuglalíf í nágrenni Raufarhafnar í samstarfi við Rif rannsóknarstöð. Pedro Rodrigues forstöðumaður Rifs sér um fræðslu fyrir nemendur skólanna; Raufarhafnar og Öxarfjarðar og leiðsegir í ferðinni.

Árshátíð

Síðastliðin tvö ár hafa árshátíðir skólanna tveggja verið sameiginlegar og haldnar í Hnitbjörgum á Raufarhöfn. Stefnt er að því aftur núna á haustönn og árshátíðin sem er dagsett þann 4.nóvember, verður að öllum líkindum haldin þann 25.nóvember (hefur færst til frá því skóladagatal var gert).

Starfsáætlun nemenda

Sundnámskeið í Öxarfjarðarskóla tvisvar á skólaári, í september og apríl/maí

Foreldraviðtöl eru tvisvar yfir skólaárið, í október og janúarlok.

Árshátíðin er sameiginleg með Öxarfjarðarskóla. Var sett á dagskrá skv. skóladagatali þann 4.nóvember en færst að líkindum til 25.nóvember. Allir nemendur skólans taka þátt og stíga á svið. Dillidagsmánuður er í maí. Þá hittast nemendur, kennarar og foreldrar og eiga saman gæðastund. Sem dæmi má nefna hefur verið farið í dorgveiði, á hestbak, í hvalaskoðun eða á snjósleða. Stóra upplestrarkeppnin verður haldin að öllum líkindum í mars eins og verið hefur og nú eru tveir nemendur í 7.bekk sem geta tekið þátt fyrir hönd skólans.

Í október verða tveir dagar í vetrarfrí, á mánudegi og þriðjudegi, þannig að nemendur og starfsfólk grunnskólans fá fjögurra daga samfelld leyfi með helginni.

Í nóvemberlok er skólaferðalag á dagskrá sem er sameiginlegt með Öxarfjarðarskóla.

Dagsetning getur færst til.

Fjöldi nemenda

	Drengir	Stúlkur	Alls
2. bekkur		1	1
5. bekkur		1	1
6. bekkur	1		1
7. bekkur	2		2
9. bekkur	1		1
	Drengir: 4	Stúlkur: 2	Alls: 6

Kennt verður í einum námshóp en stundum verður nemendum skipt upp.

Dagvistun

Dagvistun verður starfandi í vetur og eru þrjú börn á leikskólaaldri skráð. Skólinn opnar á morgnana kl. 7.55. Dagvistun hefst kl. 8:00-16:00 en grunnskólinn kl. 8.10.

Tilhögun kennslu

Kennsla hefst kl. 08:10 og lýkur kl. 13:30 fyrir yngri nemendur (2.b) en lýkur kl. 14:20 á mið- og unglingastigi nema á föstudögum þegar kennsla lýkur í skólanum kl.12:00 og fara nemendur þá beint heim. Kennt er í klukkutímalotum og reynt að hafa fjölbreytni og uppbrot í kennslu að leiðarljósi, ýmist hópverkefni eða einstaklingsverkefni. Á þriðjudögum er kennt til kl. 15:10 í Öxarfjarðarskóla. Nemendur í 6.-9.bekk fá val í gegnum Lærissneið Ásgarðs og eru þá í skólanum til kl. 15:00 á fimmtudögum. Sjá nánar hér að neðan um val á unglingastigi.

Samstarf við Öxarfjarðarskóla

Í vetur verður unnið markvisst að því að fjölga samvinnu- og samverustundum nemenda í Öxarfjarðarskóla. Unnið verður að námstengdum verkefnum út frá þemaverkefnum í bland við til dæmis skólaíþróttir og list- og verkgreinar. Markmiðið er að rjúfa einangrun og einblína á faglegt samstarf sem eykur líkurnar á að börnin kynnist og geti unnið saman. Þá er ákveðið að halda sameiginlega árshátíð skólanna í Hnitbjörgum á Raufarhöfn. Á haustönn er stefnt að því að fara með nemendur frá Raufarhöfn í Lund einu sinni í viku. Í september er ætlunin að koma með nemendur úr Lundi til Raufarhafnar í sundkennslu. Þá vinna nemendur beggja skóla að sameiginlegu samþættu þemaverkefni þar sem stuðst er við Námsgagnatorg Ásgarðs – Askinn.

Viðmiðunarstundaskrá

Skólinn styðst við viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla þar sem:

- 1.-4. bekkur fær að jafnaði 30 kennslustundir á viku eða 20 klukkustundir
- 5.-7. bekkur fær að jafnaði 35 kennslustundir á viku eða 23 klukkustundir
- 8.-10. bekkur fær að jafnaði 37 kennslustundir á viku eða 24,6 klukkustundir

Námssvið	1.-4. bekkur	5. - 7. bekkur	8. - 10 bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Minútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt tákni	1.100	680	650	2.430	18,08%
Erlend tungumál, enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	860	840	380	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	440	340	300	1.080	8,04%
Skólaþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	820	600	600	2.020	15,03%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	320	160	870	1.350	10,04%
Alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100,00%

Kennsluáætlanir

Allar upplýsingar um skipulag náms og kennslu má nálgast hjá umsjónarkennara. Þar sem skipulag skólaársins miðast við lotukennslu þar sem unnið er með samþætt þema hverju sinni, breytast áætlanir í samræmi við það. Í fyrstu lotu skólaársins er fuglaþema og stuðst við Námsgagnatorg Ásgarðs sem býður upp á tilbúna kennsluáætlanir með samþættum þemaverkefnum.

Stundaskrár

Grunnskóli Raufarhafnar

2. bekkur

haust 2022

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:10 9:20	Bókasafnið / Læsi	Akstur í Lund/ Læsi	Bókasafnið / Læsi	Bókasafnið / Læsi	Bókasafnið / Læsi
9:20 9:40	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
9:40 10:40	Tjáning / Framkoma	Íslenska	Stærðfræði	Þema	Stærðfræði
10:40 11:00	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
11:00 12:00	Þema	Íþróttir	Samfélagsfræði / náttúrufræði	Þema	Tjáning / Framkoma
12:00 12:30	Matur	Matur	Matur	Matur	
12:30 13:30	Samfélagsfræði / náttúrufræði	Tónmennt	Hreyfing	Þema	
13:40 15:10		Verklegt þema			

Grunnskóli Raufarhafnar

5. – 9. bekkur

Haust 2022

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:10 9:20	Bókasafnið / Læsi	Akstur í Lund Stærðfræði	Bókasafnið / Læsi	Bókasafnið / Læsi	Bókasafnið / Læsi
9:20 9:40	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
9:40 10:40	Tjáning / Framkoma	Íslenska	Stærðfræði	Þema/ enska	Stærðfræði
10:40 11:00	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
11:00 12:00	Þema	Íþróttir	Samfélagsfræði / náttúrufræði	Þema/ danska	Tjáning / Framkoma
12:00 12:30	Matur	Matur	Matur	Matur	
12:30 13:30	Samfélagsfræði / náttúrufræði	Stærðfræði	Hreyfing	Þema VAL 7-9.b 13:00- 15:10	
13:30 13:40	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	
13:40 14:20	Enska	Verklegt þema	Upplýsingatækni	Þema VAL 7-9.b	
14:20 15:10		Verklegt þema		VAL 7-9.b	

Nemendafélag

10. gr. grunnskólalaga fjallar um nemendafélag og kemur eftirfarandi fram: Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, meðal annars um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

Nemendafélag hefur ekki verið hér við skólann í nokkurn tíma sökum smæðar. Nemendur eru reglulega hafðir með í ráðum og hafa alltaf tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri.

Skólaferðalög

Í vetur verður sameiginlegt skólaferðalag með nemendum Öxarfjarðarskóla og farið verður þegar vel viðrar og gott tækifæri gefst.

Skipulag þjónustu við nemendur með annað móðurmál en íslensku

Nemendur af erlendum uppruna með annað móðurmál en íslensku byrja á því að fá sérstaka kennslu í íslensku um leið og þeir koma inn í skólann. Farið er markvisst yfir það sem nemandinn þarf á að halda. Til að byrja með eru það sem felst í einföldum daglegum samskiptum.

Skólinn er í nánú samstarfi við skólaþjónustu Norðurþings og Kelduna varðandi framkvæmd og tilhögun þessarar kennslu, þegar þörf krefur.

Móttaka nýrra nemenda

Í Grunnskóla Raufarhafnar er lögð áhersla á að taka vel á móti nýjum nemendum. Mikilvægt er að nemandinn og foreldrar hans fái strax í upphafi jákvæða mynd af skólanum og að foreldrum og nemendum finnist þeir velkomnir í skólann. **Móttökuáætlun nýrra nemenda er að finna á heimasíðu skólans: <http://grunnskoli.raufarhofn.is/is/nemendur/nemendur>**

Val nemenda á unglingastigi

Lærissneið

Í samstarfi við Ásgarð - skóla í skýjunum - er nú hægt að bjóða upp á 11 valgreinar þar sem þátttökuskólar (alls 14 talsins) eru ýmist með kennara á sínum snærum eða Ásgarður sér um að útvega þá. Í samráði við skólastjórnendur í fjórtán skólum var ákveðið að gefa nemendum kost á að koma með tillögur að valgreinum og taka þátt í forvalskönnun þar sem við hugmyndir þeirra voru þrengdar úr 40 valgreina hugmyndum og niður í nítján. Nú hafa allir 160 nemendurnir valið og boðið verður upp á 11 valgreinarnar þar sem 95% af nemendum fá

sitt fyrsta val. Kökuskreytingar, íþróttaval, eðlis- og efnafræðival, kvikmyndagerð, franska, þýska, hljóðblöndun, kynjafræði, rafíþróttir, tölvuleikjahönnun og leiklist - svo eitthvað sé nefnt. Nemendur blandast greinilega inn í hópana og sem dæmi má nefna að krakkar úr fjórum ólíkum skólum velja sér eðlis- og efnafræði, eitthvað sem mjög erfitt hefði verið að sinna inni í hverjum skóla fyrir sig og er erfitt að sinna í fjölmennari skólum líka. Í Grunnskóla Raufarhafnar býðst nemendum 7.bekkjar að taka þátt með unglingastiginu.

Kennt verður á fimmtudögum milli kl. 13:00 og 14:00 og síðan halda nemendur sjálfir áfram næsta klukkutímamann í umsjá umsjónarkennara. Kennsla hefst 8.september.

Tölvuleikjahönnun - Unity

Nemendur hanna og búa til tölvuleik með tölvuforritinu Unity. Forritið er nýtt til að hanna tölvuleiki, í bíómyndagerð, vörubróun, hönnun og margt fleira. Nemendur læra að hanna og búa til sinn eigin tölvuleik undir handleiðslu Gunnars Þórs Böðvarssonar. Námskeiðið endar með kynningu á afrakstri nemenda. Nemendur námskeiðsins þurfa að hafa aðgengi að tölvu og heyrnatólum við verkefnavinnu.

Dungeons and dragons

Gísli Gunnar Diðriksson leiðir hinn sívinsæla Dungeons and dragons leik. Námskeiðið er byggt á góðri reynslu frá því í fyrra. Nemendur taka virkan þátt og njóta þess að skapa áður óþekkt ævintýri þar sem gætu leynst óvæntar uppákomur, skemmtilegir ávinningar og hrikalegar óvætur. Námskeiðið hentar öllum áhugasömum spilurum, byrjendum jafnt og lengra komnum.

Einstaklingsbundið íþróttaval

Magnea Dröfn Hlynsdóttir og Jóhanna Jóhannesdóttir íþróttakennarar sjá um einstaklingsbundið íþróttaval. Valið hentar öllum nemendum sem stunda eða vilja stunda hvaða íþrótt eða hreyfingu sem er. Hver og einn vinnur sérsniðnar áætlanir en vinna líka með öðrum við að setja sér markmið og vinna að þeim. Nemendur vinna kerfisbundið með íþróttagreinarnar sínar og stunda þær í sínu umhverfi.

Kvikmyndagerð

Nemendur hanna og skipuleggja sína eigin kvikmyndagerð í gegnum sköpunarferlið. Frá uppkasti til afurðar sem getur verið stutt auglýsing allt upp í fullbúna bíómynd allt eftir áhuga og elju nemendanna sjálfra. Kristján Kristjánsson kvikmyndagerðarmaður sér um kennsluna.

Þýska

Áhersla verður lögð á talað mál og fjölbreyttar leiðir við að læra tungumál og efla nemendur við að eiga samskipti á þýsku. Þýsk menning verður einnig tekin fyrir og afurðir frá Þýskalandi skoðaðar. Námið er fyrst og fremst hagnýtt og skemmtilegt. Lærum að bjarga okkur saman! Hentar byrjendum og lengra komnum. Kennari Björn ÁheMöller.

Franska

Áhersla verður lögð á talað mál og fjölbreyttar leiðir við að læra tungumál og efla nemendur við að eiga samskipti á frönsku. Frönsk menning verður einnig tekin fyrir og afurðir frá Frakklandi skoðaðar. Námið er fyrst og fremst hagnýtt og skemmtilegt. Lærum að bjarga okkur saman! Hentar byrjendum og lengra komnum. Kennari óstaðfestur.

Teiknimyndasögugerð

Nemendur hanna og búa til sína eigin teiknimyndasögu, skoða og rýna í teiknimyndasögur frá öðrum og fara yfir þróun þessa listforms. Listsköpun, sögugerð, kvikmyndir og persónusköpun flettist hér saman á áhugaverðan hátt. Nemendur kynna afurð í lok námskeiðs.

Eðlis-og efnafræði

Tinna Björk Pálsdóttir kennir eðlis- og efnafræði í gegnum samþætt verkefni. Nemendur skoða efnahvörf, læra á lotukerfið, stilla af efnajöfnur, testa lögmál, gera tilraunir og vinna með allt frá atómi til Hercules-Corona-Borealis veggisins.

Leiklist

Nemendur læra grunnatriði í leiklist og setja saman rafræna sýningu þar sem allir fá hlutverk við hæfi, ásamt því að skoða leikverk og hin ýmsu störf sem eru innan faðms leiklistarinnar. Hópefli, framkoma og samskipti verða æfð í gegnum leik og kennslu.

Rafíþróttir

Markmiðið með rafíþróttavalinu er að tengja saman nemendur sem spila tölvuleiki á netinu. Lögð verður áhersla á jákvæðan stuðning og upplifun af tölvuleikjaspilun og að tengja heilbrigði og velferð rafíþróttum. Nemendur læra örugga nethegðun og heilbrigða spilahætti ásamt því að bæta sig í spilun.

Kökugerð

Nemendur hanna, skipuleggja og baka köku í gegnum samþætt námsferli sem byggir á hönnunarhugsun. Nemendur læra meðal annars að gera kostnaðaráætlun og setja sér markmið í markvissu ferli sem endar á skemmtilegri, fallegri og vonandi ætri afurð. Kennarar námskeiðsins eru Sylvía Ósk Sigurðardóttir og Karen Ósk Kristjánsdóttir.

Námsgögn

Skólinn sér nemendum fyrir námsgögnum.

Mötuneyti

Nemendur eiga kost á að borða morgunmat og hádegisverð í skólanum alla daga nema föstudaga. Einnig fá þeir morgunmat og hádegisverð þá daga sem farið er í Lund og fá einnig ávexti áður en þeir halda heim.

Nemendur skulu að temja sér góðar reglur í matsal:

Ganga hljóðlega um og sýna tillitsemi.

Snæða við borð sem eru í matsalnum.

Ganga snyrtilega frá borðum, skila diskum og áhöldum á vagna og henda rusli.

<http://grunnskoli.raufarhofn.is/is/skolinn/skolamotuneyti>

Forföll og leyfi nemenda

Veikindi allra nemenda ber að tilkynna fyrir upphaf skóladags. Hægt er að fara ýmsar leiðir; hringja í síma 4659870 eða senda tölvupóst til umsjónarkennara

kolbrun@raufarhafnarskoli.is

Lyfjagjafir

Ekki er æskilegt að gefa þurfi börnum lyf í leik- og grunnskólanum. Flest öll sýklalyf eru þannig að þau þarf að gefa 2-3 á dag og getur barnið þá fengið lyfið áður en það fer í skólann og aftur eftir skólatíma.

Undantekning á þessu gætu verið sykursýkis-, astma- og ofnæmislyf og hugsanlega lyf við ofvirkni. Skólastjóri eða umsjónarkennari er þá ábyrgur fyrir móttöku og varðveislu lyfjanna.

Lengri leyfi

Leyfi grunnskólanemenda til lengri tíma en tveggja daga þurfa samþykki skólastjórnanda auk umsjónarkennara. Öll röskun á námi nemanda sem hlýst af umbeðnu leyfi er á ábyrgð foreldra eða forráðamanna sbr. 15. grein grunnskólalaga frá 2008 sem hljóðar svo: „*Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.*“ Kennurum skólans er ekki skylt að útbúa sérstakar áætlanir eða verkefnapakka fyrir nemendur á meðan á leyfi þeirra stendur enda er nám barnsins þá á ábyrgð foreldra.

Ef óskað er eftir undanþágu frá skyldunámi í námsgrein er sótt um það skriflega til skólastjóra sem leggur umsókn fyrir nemendaverndarráð til umsagnar.

Skólareglur

Grunnskólum er gert að setja sér skólareglur. Skólastjóri hefur forgöngu um og ber ábyrgð á að skólareglur séu settar og þeim fylgt. Skólareglurnar eiga að vera unnar í samvinnu við skólaráð. Leitast er við að ná sem víðtækastri sátt um þær í skólasamfélaginu. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, hollustu og heilbrigðar lífsvenjur, ábyrgð, réttindi og skyldur. Í reglunum skal koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum þeirra.

Á heimsíðu skólans eru að finna nýendurskoðaðar skólareglur frá í fyrra en þær eru einnig til á prenti. Hér er hægt að sjá skólareglurnar en á heimasíðu skólans undir [skólareglur](#).

1. Við sýnum hvert öðru tillitsemi og virðingu.
2. Við förum eftir fyrirmælum starfsmanna.
3. Við mætum ávallt stundvíslega, klædd eftir veðri og með íþrótta- og sundfatnað.
4. Við höfum slökkt á símanum og geymum hann ofan í tösku.
5. Við temjum okkur hollar lífsvenjur og notum ekki tóbak eða önnur vímuefni í skólanum, á skólalóðinni eða hvar sem er á vegum skólans.
6. Nemendum ber að nota reiðhjólahljálma þegar hjólað er á skólalóð. Rafhjól eru ekki heimil á skólalóð.

Viðurlög vegna brota á skólareglum

Brjótí nemandi skólareglu ber viðkomandi kennara eða starfsmanni að fylgja eftirfarandi vinnureglum til þess að tryggt sé að forráðamenn og umsjónarkennari fái vitneskju um málið. Bregðast skal við brotum á eftirfarandi hátt:

1.stig Viðkomandi starfsmaður ræðir sérstaklega við nemanda og gerir honum grein fyrir alvarleika málsins. Umsjónarkennara er gert viðvart og atvikið er skráð.

2.stig Við endurtekin brot hefur umsjónarkennari samband við foreldra/forráðamenn um úrlausnir. Niðurstöður skráðar.

3.stig Ef ekki verður breyting á hegðun nemanda, boðar umsjónarkennari foreldra og nemanda á fund þar sem málið verður tekið til umfjöllunar. Niðurstaða fundar er skráð og tekið fram hvað nemandi ætlar að gera til að bæta stöðu sína.

4.stig Beri ofangreind úrræði ekki viðunandi árangur er málinu vísað til skólastjóra sem getur vísað málinu til nemendaverndarráðs og/eða barnaverndarnefndar skv. 14.gr laga um grunnskóla 91/2008.

ATH! Brot getur verið svo alvarlegt að hlaupa verði yfir stig og vísa málinu strax til skólastjóra.

Samskipti heimilis og skóla

Allt samstarf heimila og skóla hefur það yfirlýsta markmið að stuðla að betri skóla og aukinni velferð nemenda. Lögð er rækt við að byggja upp traust foreldra á skólastarfinu. Skólastjóri og annað starfsfólk halda uppi virku samstarfi við foreldra, meðal annars með því að kynna námsmarkmið og leiðir að þeim. Allir foreldrar fá þau skilaboð frá skólanum að hlutverk þeirra í námi barnanna sé mikilvægt og samstarfið við þá skipti velferð barns þeirra afar miklu máli. Samskipti við foreldra eru á jafnréttisgrundvelli og einkennast af gagnkvæmri virðingu. Foreldrar eru vel upplýstir um líðan og stöðu barna sinna og hafa góðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið. Foreldrar sýna námi barna sinna áhuga og taka virkan þátt í því. Þeir fylgjast með og styðja við skólagöngu barna sinna og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum.

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans, fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endaleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Fundargerðir skólaráðs er að finna á heimasíðu skólans. Auk skipulagðs fundahalds skal skólastjóri boða til fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags (ef það er til staðar) að lágmarki einu sinni á ári.

Skólaráð:

- Skólastjóri: Hrund Ásgeirsdóttir
- Fulltrúi kennara og staðgengill skólastjóra: Kolbrún Valbergsdóttir
- Fulltrúar foreldra grunnskólabarna: Birna Björnsdóttir
- Fulltrúar foreldra leikskólabarna: Karen Hrönn Eyvindsdóttir
- Fulltrúi starfsfólks skólans: Á eftir að kjósa

Nemandi 9.bekkar mun eiga sæti í skólaráði í vetur og sitja þá fundi er varða málefni hans.

Skólaráð fundar a.m.k. tvisvar sinnum í vetur og fer yfir helstu áætlanir s.s. starfsáætlun. Nánar um verkefni og hlutverk ráðsins má lesa í [handbók fyrir skólaráð](#).

Áheyrnarfulltrúar á fundum Fjölskylduráðs Norðurþings:

Fulltrúi foreldra er Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir

Til vara er Birna Björnsdóttir

Fulltrúi starfsfólks er Kolbrún Valbergsdóttir

Foreldrafélagið Velvakandi

Samkvæmt 10. gr leikskólalaga og 9. gr. grunnskólalaga kemur fram varðandi foreldrafélag:

Við leikskóla og grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Eftirfarandi fulltrúar foreldra nemenda skipa stjórn foreldrafélags Grunnskóla Raufarhafnar:

Birna Björnsdóttir

Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir

Pálína María Árnadóttir

Foreldrafélagið Velvakandi samanstendur af öllum foreldrum barna við skólann. Þeir standa fyrir fjáröflun fyrir hönd nemenda en nemendur taka þátt í öllu. Yfir skólaárið er að meðaltali ein fjáröflun í mánuði og eru sumar fjáraflanir orðnir fastir liðir þar sem allt samfélagið tekur þátt. Má þá nefna bingó sem haldið er 1. maí, blómasala á konu- og bóndadaginn og svo mætti lengi telja.

Stoðþjónusta

Samkvæmt Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 á skólinn „að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Í reglugerð um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010 er áréttað að allir nemendur eigi að fá „jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í grunnskólum án aðgreiningar þannig að komið sé til móts við náms-, líkams-, félags- og tilfinningalegar þarfir þeirra.“

Skóli án aðgreiningar er byggður hugmyndum um jafnræði og réttlæti en ekki á því að allir séu á sama stað á sama tíma að gera það sama. Stundum hentar nemanda að vera með samnemendum í bekknum að vinna verkefni, stundum hentar að fara annað í minni hóp. Stutt er við kennara og búið til lærdómsumhverfi þar sem sérkennarar og kennarar nýta og deila betur þekkingu sinni sín á milli með hæfni nemandans að leiðarljósi.

Skólaþjónusta Norðurbings og Ásgarður ráðgjöf www.ais.is sjá um alla stoðþjónustu við skólann.

Hlutverk skólaþjónustunnar er m.a. að veita greiningar og ráðgjöf varðandi:

- nám og kennslu
- mál- og talörðugleika
- almenna námsörðugleika
- lestrar- og stærðfræðiörðugleika
- félags- og tilfinningalegra örðugleika
- skólagöngu fatlaðra
- vanda sem tengist einstökum nemendum eða bekkjardeildum
- samstarfsverkefni á sviði skólaþróunar

Foreldrum er kynnt þjónusta skólaþjónustunnar í fyrstu foreldraviðtölunum í október. Þeir geta einnig alltaf haft samband við umsjónarkennara ef þeir telja að barnið vanti aðstoð og skólinn setur sig þá í samband við skólaþjónustuna.

Starfsfólk skólaþjónustu Norðurbings er:

Sálfræðingar: Ingibjörg Sigurjónsdóttir yfirsálfræðingur - ingibjorg@nordurthing.is

Kristín Heimisdóttir sálfræðingur þjónustar Grunnskóla Raufarhafnar -

kristinheimissal@gmail.com

Kennsluráðgjafi: Arna Ásgeirsdóttir arna@nordurthing.is

Talmeinafræðingur: Sonja Magnúsdóttir talmeinafræðingur í verktöku

Starfsfólk Ásgarðs:

Námsráðgjafi: Ágústa Björnsdóttir agusta@ais.is

Iðjuþjálfari og sérkennsluráðgjafi á leikskóla: Erla Björk Sveinbjörnsdóttir erla@ais.is

Kennsluráðgjafi: Anna María Þorkelsdóttir - annamaria@ais.is

Keldan

Keldan er nýtt úrræði í snemmtækri íhlutun fyrir fjölskyldur og skóla. Keldan er teymi þar sem fagaðilar sameinast til að veita aðstoð ef upp kemur vandi barns í daglegu umhverfi eða í skóla. Foreldrar og starfsfólk fá kynningu á starfsemi Keldunnar en nánar má lesa um hana hér: <https://www.nordurthing.is/is/thjonusta/felagsthjonusta/keldan>

Starfsfólk Keldunnar

Fjölskylduráðgafi: Tinna Ósk Óskarsdóttir tinna@nordurthing.is

Sálfræðingur: Ingibjörg Sigurjónsdóttir ingibjorg@nordurthing.is

Ráðgjafi: Unnur Sigurðardóttir unnur@nordurthing.is

Barnavernd

Anna María Leifsdóttir

Steinunn Jónsdóttir

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð kemur saman einu sinni í byrjun haustannar og fer yfir málefni nemenda skólans. Í nemendaverndarráði sitja skólastjóri, skólahjúkrunarfræðingur og fulltrúi frá skólaþjónustu Norðurþings.

Nemendaverndarráð fjallar um einstaka nemendur, mál hópa og heilla bekkja, agamál og annað er varðar velferð nemenda við skólann. Hugað er að námslegum þáttum, sjálfsmynd og líðan og félagslegri stöðu nemenda. Ráðið ákveður hver/hverjir taka að sér hvert mál og hvenær viðkomandi skal greina frá árangri þess sem gert er. Ráðið getur kallað á sinn fund þá aðila innan skólans og utan sem það telur að geti upplýst sig um ákveðin málefni. Full trúnaðarskylda fundarmanna gildir á öllum fundum nemendaverndarráðs

Nemendaverndarráð fundar strax ef ráðinu berst formlega umsókn / skýrsla um málefni einhvers nemanda. Fundurinn er ritaður í fundargerðarbók. Ef ástæða þykir er erindið sent áfram til viðeigandi aðila.

Skólaheilsugæsla

Skólaheilsugæsla er á vegum Heilbrigðisstofnunar Norðurlands. Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsemi hennar er samkvæmt lögum, reglugerðum og tilmælum Landlæknis. Í henni felast skimanir, viðtöl um lífsstíl og líðan, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans. Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í samvinnu við foreldra/forráðmenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem veita skólabarninu þjónustu. Starfsfólk heilsugæslunnar er bundið þagnarskyldu.

Skólahjúkrunarfræðingur fram að áramótum er Kristey Þráinsdóttir kristey.thrainsdottir@hsn.is og verður hún staðsett í Lundi á þriðjudögum þegar nemendur og umsjónarkennari

verða þar.

Nánari upplýsingar um starfsemi skólaheilsugæslunnar má nálgast á Heilsuvefnum og heimasíðu skólans: <http://grunnskoli.raufarhofn.is/is/skolinn/skolaheilsugaesla>

Samstarf við nærsamfélag

Rif rannsóknarstöð

Í haust var ákveðið að skipuleggja samstarf við Rif rannsóknarstöð og mun forstöðumaður þess, Pedro Rodrigues, sjá um fræðslu um fugla og leiða vettvangsferð fyrir nemendur Grunnskóla Raufarhafnar og Öxarfjarðarskóla og kynna starf sitt fyrir þeim.

Samstarf hefur verið við félag eldri borgara á Raufarhöfn síðastliðin ár og eigum við von á að það haldi áfram þar sem eldri fræða yngri og öfugt.

Starfsþróun

Starfsmaður ber ábyrgð á að viðhalda þekkingu sinni og færni með þátttöku á ráðstefnum, símenntun og starfsþróunarnámskeiðum, viðurkenndu framhaldsnámi og með eigin starfsþróunaráætlun. Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem er nauðsynleg í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Að frumkvæði skólastjóra mótar skólinn áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Í þeim tilfellum sem kennari sækir sér nám á háskólastigi sem nýtist í starfi er æskilegt að skólastjóri heimili kennara að nota hluta þeirra 150 klst. sem ætlaðar eru til starfsþróunar / undirbúnings kennara til námsins.

Í vetur mun allt starfsfólk fá námskeið í uppeldisstefnunni *Jákvæðum aga*, farið verður í skólaheimsóknir og námskeið í jákvæðum samskiptum.

Öryggi og varnir

Hér má sjá viðbragðsáætlun skólans vegna bruna, slysa, áfalla, náttúruhamfara og heimsfaraldurs

http://grunnskoli.raufarhofn.is/static/files/2020-2021/vor_2021/vidbragdsaaetlun-grunnskoli-raufarhafnar.pdf

Rýmingaráætlun

Skólinn hefur verið í samstarfi við slökkviliðsstjóra og stefnt er að því að vera með brunaeftingu á hverju skólaári. Þá er farið yfir rýmingaráætlun og slökkviliðsstjóri yfirfer brunavarnir í skólanum.

Rýmingaráætlun er inni öllum skólastofum sem og spjöld sem sýna hvar þú ert og hvar næstu neyðarútgangar eru.

Skólinn hefur verið í samstarfi við Rauða krossinn og hafa fulltrúar þeirra komið hér og kynnt starfsfólki hlutverk húsnæðisins sem fjöldahjálparstöð.

Viðbrögð við vá

Sú vá sem við búum við er einna helst óveður. Ef svo ber við að það sé óveður verða foreldrar upplýstir eins fljótt og verða má í **messenger skilaboðum**. Ákvörðun um þetta er tekin fyrir 7:45 á morgnana.

Á heimasíðu skólans er að finna viðbragðsáætlun Almanna- og Almannavarna þó ekki hafi verið gerð sérstök áætlun fyrir skólann.

Skólinn hefur átt í góðu samstarfi við Rauða krossinn, m.a. með tilliti til þess að húsnæði skólans er jafnframt fjöldahjálparstöð ef til hamfara eða almenns neyðarástands kemur. Sjá á heimasíðu: <http://grunnskoli.raufarhofn.is/static/files/Vidbragdsaaetlun.pdf>

Eineltisáætlun/eineltisteymi

Umsjónarkennari og skólastjóri eru í samskipum við foreldra og hafa samband við þá þegar eitthvað kemur upp á. Að auki hefur skólinn aðgang að sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins Norðurþings.

Mat á skólastarfi

Mati á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og Aðalnámskrá grunnskóla. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efla skólaþróun. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum. Í gildandi lögum um grunnskóla er að finna ákvæði um mat á skólastarfi. Þar er megináhersla lögð á sjálfsmat skóla en jafnframt ber menntamálaráðuneytinu að sjá til þess að fram fari ytra mat á starfsemi einstakra skóla eða á einstökum þáttum skólastarfs og jafnframt að úttekt sé gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla.

Skólinn mun hafa umbótaáætlun Öxarfjarðarskóla til hliðsjónar. Einnig mun endurskoðuð skólafélagastefna Norðurþings frá vori 2020 innleidd í gegnum innra matsáætlanir ásamt gæðaviðmiðum skólafélagar.

Skipulag:

- Að innra mat sé sjálfsagður hlutur af skólafélaginu og allir starfsmenn skólans meðvitaðir um það.
- Að innra mat sé alltaf í gangi samkvæmt áætlunum.
- Allir starfsmenn skilja hvernig spurningalistar og fjölbreytt gögn leggja lóð á vogarskálarnar til að auka gæði skólafélagarinnar innan frá.

Framkvæmd:

- Að nám og kennsla sé metin reglulega og sé hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda.
- Innra mat byggir á margvíslegum upplýsingum sem og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir.
- Niðurstöður úr spurningalistum og viðtölum eru nýttar til úrbóta út frá skýrum viðmiðum.
- Innra mat er samstarf allra aðila skólafélagarinnar og oft nefnt sjálfsmat.
- Að þegar gagna er aflað sé leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á.
- Að matsframkvæmdin sé endurmetin reglulega og reynslan af matinu ígrunduð og skráð.

Umbætur:

- Að innra mats skýrslur séu ávallt aðgengilegar, skiljanlegar og til þess fallnar að gera gæði skólafélagarinnar sífellt betri.
- Að allt skólafélagið skilji með hvaða hætti gæðaviðmið séu nýtt til umbóta.
- Að umbætur séu reglubundinn partur af skólafélaginu og leiði til breytinga til hins betra.

DRÖG að langtímaáætlun um innra mat hefur verið gerð sem verður svo rædd og uppfærð eins og þarf en þar er áætlað að taka fyrir:

- 2022-2023: Stjórnun og fagleg forysta
- 2023-2024: Umbætur og innleiðing breytinga
- 2024-2024: Gæði náms og kennslu

Hrund Ásgeirsdóttir skólafélagastjóri